

Samþykkt um gjald í Vinnudeilusjóð KÍ

5. þing Kennarasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 6. til 8. apríl 2011, samþykkir að ekki verði tekið upp sérstakt gjald í Vinnudeilusjóð KÍ á kjörtímabilinu. Þingið heimilar þó stjórn KÍ og stjórn Vinnudeilusjóðs að hefja gjaldtöku að nýju komi til vinnustöðvunar á kjörtímabilinu. Gjaldið skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 0,5% af föstum launum félagsmanna.

Greinargerð frá stjórn Vinnudeilusjóðs:

Með hliðsjón af ástandi efnahagsmála, m.a. minnkandi kaupmætti launa, telur stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ rétt að félagsmenn njóti góðrar stöðu sjóðsins og innheimtu félagsgjalda í sjóðinn verði því frestað áfram.

Komi til vinnustöðvunar hjá aðildarfélagi KÍ þurfa stjórnir KÍ og Vinnudeilusjóðs að ákveða hvort innheimta eigi félagsgjald í Vinnudeilusjóð að nýju að hámarki 0,5% miðað við föst laun félagsmanna.